



11. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 5. júní 2019 kl. 12 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir og Gunnar Gíslason. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Anna Elínborg Gunnarsdóttir fjármálastjóri og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Nýr þjóðskjalavörður ráðinn frá 1. mars 2019
2. Skipulag Þjóðskjalasafns, endurskoðun og úrbætur
 - a. Verkefnahópar
 - b. Ráðstefnuhald
3. Drög að nýju skipuriti ÞÍ
4. Drög að nýjum stofnanasamningi milli BHM og ÞÍ
5. Uppgjör ársins – niðurstaða
6. Rekstartölur janúar – maí 2019
7. Húsnæðismál
 - a. Hillukaup vegna bráðavanda og endurbætur á lestrarsal
 - b. Almenn staða húsnæðismála
8. Verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna
9. Könnun Sameykis
10. Næsti fundur
11. Frágangur fundargerðar

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund, fyrsta fund með nýjum þjóðskjalaverði, og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Nýr þjóðskjalavörður ráðinn frá 1. mars 2019.

Hrefna Róbertsdóttir var skipuð í embætti þjóðskjalavarðar frá 1. mars 2019 og var hún boðin velkomin og óskað velfarnaðar í starfi. Hrefna kynnti nokkur áherslumál sem unnið hefur verið að á Þjóðskjalasafni undanfarna mánuði.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Elínborg Gunnarsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

2. Skipulag Þjóðskjalasafns, endurskoðun og úrbætur.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir vinnu verkefnahópa starfsfólks um úrbætur í starfsemi safnsins. Skipaðir voru fimm verkefnahópar sem fengu það hlutverk að skoða verkefni safnsins og hvað mætti bæta til að starfsemin gengi betur fyrir sig. Hóparnir unnu að því að skoða nýjar leiðir með áherslu



á aðgengi, varðveislu, eftirlit, miðlun og skráningarmál. Mörg fleiri málefni voru rædd og unnar aðgerðaráætlanir í húsnæðismálum og starfsmannamálum. Verkefnahóparnir skiluðu tillögum 24. maí sl. Tillögunar verða svo að úrbótaverkefnum innan safnsins á næstu mánuðum.

Þá kynnti Þjóðskjalavörður nýjar áherslur í ráðstefnuhaldi. Ákveðið hefur verið að halda árlega tvær ráðstefnur á vegum Þjóðskjalasafns sem tengjast verkefnum safnsins, annars vegar að vori og hins vegar að hausti. Á vorráðstefnu Þjóðskjalasafns verður lögð áhersla á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Fyrsta vorráðstefna safnsins fór fram 14. maí sl. og fjallaði um persónuvernd og varðveislu og mættu yfir 200 manns á hana. Að hausti verði svo rannsóknardagar Þjóðskjalasafns þar sem sjónum verður beint að rannsóknum á safnkostinum. Stefnt er að því að fyrstu rannsóknardagarnir verði í september og verði þeir tileinkaðir útgáfu á rannsóknum Bjarkar Ingimundardóttur á kirkjusóknum, tveggja binda útgáfa. Fyrirlesarar þar verða auk fulltrúa safnsins frá Háskóla Íslands og Biskupsstofu. Með þessum reglubundnu viðburðum hyggst safnið sinna tengslum út fyrir safnið við notendur sem bæði tengjast tilurð og nýtingu skjalasafnanna.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Jónsson.

3. Drög að nýju skipuriti ÞÍ.

Þjóðskjalavörður kynnti drög að nýju skipuriti Þjóðskjalasafns. Lagt er til að sviðum safnsins verði fækkað úr þremur í tvö ásamt því að nýjum störfum fagstjóra verði falin meiri ábyrgð í umsjón og verkstjórn. Fagsviðin verði sjö talsins: Aðgengi og þjónusta, eftirlit og ráðgjöf, skráning og kennsla eru fjögur fagsvið sem munu heyra undir skjala- og upplýsingasvið. Miðlun, varðveisla og húsnæðismál þrjú fagsvið sem munu heyra undir rekstrar- og varðveislusvið. Auk þessa verði ýmsum verkefnum sinnt þvert á stofnunina sem ýmist af sviðsstjórum, fagstjórum eða verkefnisstjórum. Nýtt skipurit helst í hendur við nýjan stofnanasamning milli BHM og Þjóðskjalasafns og er stefnt að því að skipuritið og nýr samningur taki gildi 1. ágúst 2019.

Til máls tóku Hefna Róbertsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

4. Drög að nýjum stofnanasamningi milli BHM og ÞÍ.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns, gerði grein fyrir stöðu nýs stofnanasamnings á milli BHM og Þjóðskjalasafns. Í samningsdrögunum er gert ráð fyrir að nýtt starfsheiti fagstjóra verði tekið upp. Þá er markmið samningsins að laun í Þjóðskjalasafni verði samkeppnishæf við laun sambærilegra stofnana ríkisins. Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að nýr stofnanasamningur taki gildi frá og með 1. ágúst nk.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Örn Hannesson, Hrefna Róbertsdóttir og Gunnar Gíslason.



5. Uppgjör ársins – niðurstaða.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns, gerði grein fyrir uppgjöri ársins 2018. Afkoma Þjóðskjalasafns Íslands var neikvæð um 3,8 m.kr. á árinu 2018, en ekki jákvæð eins og kynnt var á stjórnarfundum í febrúar sl. Ástæða þessa er að endurmat launareiknings fjárlaga ársins 2017 og 2018 4,8 m.kr. Rekstrargjöld safnsins voru 444 m.kr. Samkvæmt fjárlögum ársins var framlag ríkissjóðs til Þjóðskjalasafns Íslands 336,9 m.kr., auk þess var framlag til héraðsskjalasafna 31,4 m.kr. Launakostnaður er 5,1% hærri en áætlun, er það meðal annars vegna launaleiðréttinga, frávik á óútskýrðum launamun skv. jafnlaunavottun.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Gunnar Gíslason og Anna Agnarsdóttir.

6. Rekstrartölur janúar – maí 2019.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns, gerði grein fyrir því að samkvæmt bókhaldi Þjóðskjalasafns Íslands er afkoma fyrstu fimm mánuði ársins jákvæð um 8,2 m.kr. Launakostnaður er 4,3% hærri en áætlun, er það meðal annars vegna starfsloka þjóðskjalavarðar. Tilfærslur, framlag til héraðsskjalasafna er 18,7% undir áætlun, er það vegna ógreiddra verkefnastyrkja 4,2 m.kr.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Gunnar Gíslason.

7. Húsnæðismál.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála Þjóðskjalasafns. Líkt og kom fram á síðasta fundi stjórnarnefndar hafa áætlanir um endurbætur á húsi 5, sem myndi auka geymslupláss safnsins um 15.000 hillumetra, ekki gengið eftir. Vegna þessa þurfti Þjóðskjalasafn í upphafi árs 2018 að hætta að samþykkja nýjar afhendingar pappírskjala til safnsins. Nú 18 mánuðum síðar er þessi staða óbreytt. Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins 4. mars sl. fékkst sérstök fjárveiting til þess að kaupa þéttiskápa í tvær skjalageymslur í hús 4. Sú aðgerð eykur geymslupláss safnsins um tæpa 1.600 hillumetra og slær á þann bráðavanda sem er í geymslumálum safnsins í bili. Þó er ljóst að með þessari aðgerð mun safnið þó ekki getað opnað á viðtöku á nýjum afhendingum til Þjóðskjalasafns og það vandamál því enn óleyst. Vinna við að koma upp þéttiskápum tveimur geymslum í húsi 4 er þegar hafin og má gera ráð fyrir að hægt verði að taka geymslurnar í notkun í haust.

Í bréfi ráðuneytisins kom jafnframt fram að fé fengist til úrbóta á lestrarsal safnsins. Vinna við hönnun á salnum er að hefjast og er von til þess að framkvæmdir geti hafist í haust.

Eftirfarandi bókun var samþykkt einróma:

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands hvetur mennta- og menningarmálaráðherra til þess að greiða úr húsnæðismálum Þjóðskjalasafns Íslands sem allra fyrst. Áætlanir um endurbætur á húsi 5, sem



upphaflega átti að vera tilbúið til notkunar árið 2017 og auka geymslupláss safnsins um 15.000 hillumetra, hafa ekki gengið eftir. Vegna þessa var Þjóðskjalasafni nauðugur sá kostur að hætta að taka við nýjum afhendingum pappírsskjala í upphafi árs 2018. Nú í júní 2019 er þessi staða óbreytt og safnið hefur ekki getað sinnt lögbundu hlutverki og tekið við nýjum skjalasöfnum í 18 mánuði. Fjöldi afhendingarskyldra aðila eru á biðlista um afhendingu skjala til safnsins. Þjóðskjalasafn Íslands er höfuðskjalasafn þjóðarinnar og þar eru varðveittar heimildir um réttindi borgaranna og sögu íslensku þjóðarinnar. Það er því afar mikilvægt að Þjóðskjalasafni sé tryggð viðunandi húsnæði sem gerir safninu kleift að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn.

Formanni stjórnarnefndar var falið að fylgja bókuninni eftir gagnvart ráðherra og óska eftir fundi með honum ásamt þjóðskjalaverði um málið.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hrefna Róbertsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

8. Verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir gerði grein fyrir úthlutun verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna árið 2019. Í fjárlögum ársins 2019 kemur fram að fjárveiting til héraðsskjalasafna er 31,5 m.kr. Þar af er rekstrarframlag 15,2 m.kr. og verkefnastyrkur 16,3 m.kr. Auglýst var eftir verkefnastyrkjum þann 11. febrúar sl. með umsóknarfresti til 15. mars. Alls bárust 22 umsóknir frá 8 héraðsskjalasöfnum. Samtals var sótt um 36.736.000 kr. Sérstök nefnd, skipuð Önnu Elínborgu Gunnarsdóttur, Unnari Ingvarssyni skjalaverði á Þjóðskjalasafni og Magnúsi Karel Hannessyni fyrrum sviðsstjóra hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mat umsóknir og gerði tillögur um styrkveitingar. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar í framkvæmdastjórn safnsins 16. apríl sl. og var ákveðið að úthluta styrkjum til 15 verkefna. Hæsti styrkurinn nam kr. 2.000.000 en sá lægsti kr. 500.000.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Gunnar Gíslason, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

9. Könnun Sameykis.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir gerði grein fyrir niðurstöðum í könnun um Stofnun ársins 2019. Svarhlutfall var 84%. Heildareinkunn Þjóðskjalasafns hækkur úr 3,737 í 4,058 á milli árána 2018 og 2019. Safnið hækkar í einkunn í öllum flokkum sem spurt var um nema er varðar vinnuskilyrði. Meðaleinkunn allra stofnana ríkisins er 4,047 en meðaltal stofnana í sama flokki og Þjóðskjalasafn (20–49 starfsmenn) er 4,132.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Gíslason og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.



10. Næsti fundur.

Ákveðið að næsti fundur verði 2. október 2019.

11. Frágangur fundargerðar.

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:57.

Anna Agnarsdóttir (sign)

Guðmundur Jónsson (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Gunnar Gíslason (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)